

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. apríl 2023, vegna auglýsingar á tillögu að breyttu deiliskipulagi Vallár.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi Vallár, birtist í Morgunblaðinu í dag, þriðjudaginn 11. apríl 2023. Tillagan er í kynningu frá 11. apríl 2023 til og með 26. maí 2023. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð: <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/valla>

Vallá

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 15. febrúar 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. mars 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vallár á Kjalarnesi. Í breytingunni sem lögð er til felst að fjölga stæðum fyrir fugla í húsunum í samræmi við kröfur um aðbúnað alifugla. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.reykjavik.is, undir skipulag í kynningu. Einnig má nálgast tillöguna á tölvuskjá hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30 – 16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **11. apríl 2023 til og með 26. maí 2023**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 26. maí 2023. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Virðing fyrir umhverfinu 
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið 

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is